

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins í Varsjá 19.–20. apríl 2022

Bryndís Haraldsdóttir sótti fundinn af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs auk Helga Þorsteinssonar ritara. Stjórnarnefnd Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) fundaði að þessu sinni í Varsjá í Póllandi.

Meginviðfangsefnið var að ræða hvernig bregðast ætti við innrás Rússa í Úkraínu. Rússneska sambandsþingið og ýmis héraðsþing í Norðvestur-Rússlandi eiga aðild að BSPC. Sterkur vilji var meðal annarra aðildarþinga samtakanna til að útiloka Rússa úr samstarfinu vegna brota þeirra á alþjóðalögum en ýmis viðhorf voru uppi um hvernig það skyldi gert. Á fundinum lýsti sænski þingmaðurinn Pyy Niemi, forseti BSPC, helstu valkostum sem taldir voru koma til greina. Einn er að leggja niður samtökin og stofna ný án þátttöku Rússa. Niemi sagði að hann sjálfur og ýmsir fleiri hefðu fyrst eftir innrásina í Úkraínu aðhyllst þá lausn en við nánari skoðun hefði komið í ljós að hún væri bæði flókin og tímafrek. Önnur leið er að reka Rússa úr BSPC. Þriðja leiðin er að útiloka þá tímabundið úr starfi samtakanna, þ.e. þangað til þeir breyta hegðun sinni gagnvart nágrannalöndum. Vandinn við tvo síðarnefndu valkostina er að ekki eru skýr ákvæði í starfsreglum BSPC um brottrekstur eða tímabundna útilokun meðlima Niemi mælti með því að þriðja leiðin yrði farin, að útiloka Rússa tímabundið úr starfi BSPC en jafnframt að endurskoða starfsreglurnar og setja í þær ákvæði um hvaða kröfur aðildarríki þurfi að uppfylla. Mikill meirihluti fundarmanna studdi þá tillögu. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna lýstu því þó yfir að þeir hefðu helst viljað velja róttækustu leiðina, að leggja niður BSPC og stofna ný samtök, en að þeir myndu þó samþykkja tillögu meirihlutans.

Tillaga stjórnarnefndar verður borin undir ársfund BSPC sem haldinn verður í Stokkhólmi 12.–14. júní nk. Fyrir fundinn mun sænska formennskan í samstarfi við skrifstofu samtakanna fyrir ársfundinn taka saman tillögur að breytingum á starfsreglum BSPC. Á fund stjórnarnefndarinnar kom prófessor Paweł Kaczmarek, forstöðumaður pólskrar rannsóknarmiðstöðvar um fólksflutninga, til að segja frá straumi flóttamanna frá Úkraínu til Póllands. Jafnframt komu á fundinn Grzegorz Marek Poznański, framkvæmdastjóri Eystrasaltsráðsins (Council of the Baltic Sea States, CBSS), sem er samstarfsvettvangur ríkisstjórna landa við Eystrasalt, og Olav Berstad, formaður embættismannanefndar sömu samtaka. Þeir sögðu frá viðbrögðum CBSS við innrás Rússa í Úkraínu og fleiri málum sem eru á döfinni í starfi samtakanna.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og á vefsvæðinu www.bspc.net.